

Nd.

494. Breytingartillögur

[110. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.

a. Á eftir 1. málsg. komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að greiða $\frac{3}{5}$ hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega lækniþjónustu.

b. 2. málsg. (verður 3. málsg.) orðist þannig:

Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja aðalröntgentæki, helztu skurðstofutæki, meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, aðalþvottavélar í þvottahúsi, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.

2. Við 4. gr. 1. málsg. orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.